

Frumvarp til laga
um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum,
(Lenging verndartíma hljóðrita.)
(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr.:

a. Við 43. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Höfundaréttur að tónverki með texta, þar sem bæði texti og tónverk eru samin sérstaklega fyrir hlutaðeigandi tónverk með texta, helst, uns 70 ár eru liðin frá andlátsári þess sem lengst lifir af eftirtöldum aðilum:

1. textahöfundur, eða
 2. tónskáld.
- b. 2. másl. 1. mgr. ásamt tölul. 1.-3. verður 3. mgr. með þeirri breytingu að felld eru niður orðin „þó aðeins“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr.:

a. 2. másl. 4. tölul. 1. mgr. fellur brott.

b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, sem verða 2. mgr. og 3. mgr., svohljóðandi:

Ef upptaka listflutnings skv. 1. mgr., sem ekki er hljóðrit, er gefin út eða gerð aðgengileg almenningi innan þess tímamarks sem þar er tiltekið, varir verndin þó uns 50 ár eru liðin frá því sem fyrr gerist, lok útgáfuárs eða þegar upptaka var gerð aðgengileg almenningi.

Ef hljóðrit listflutnings skv. 1. mgr. er gefin út eða gerð aðgengileg almenningi innan þess tíma sem þar er nefndur varir verndin þó uns 70 ár eru liðin frá því sem fyrr gerist, lok útgáfuárs eða þegar upptaka varð gerð aðgengileg almenningi.

c. 2.-5. málsgr. verða 4.-7. mgr.

3. gr.

Í stað orðanna „50 ár“ í 2. másl. 1. mgr. 46. gr. kemur: 70 ár.

4. gr.

Á eftir 47. gr. koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (47. gr. a).

Listflytjandi getur sagt upp samningi um framsal réttinda til hljóðrits af listflutningi sínum til framleiðanda hljóðrits þegar 50 ár eru liðin frá útgáfu þess eða ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út þegar 50 ár eru liðin frá að það var birt, ef framleiðandinn gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir til:

1. að bjóða eintök af hljóðriti í sölu í nægilegu magni eða
2. að gera hljóðritið aðgengilegt almenningi á þann hátt að hver og einn geti haft aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys, sbr. 1. tölul. 4. mgr. 2. gr.

Um uppsögn listflytjanda á samningi skv. 1. mgr. gildir eins árs uppsagnarfrestur. Uppsögn samnings tekur gildi að liðnum uppsagnarfresti hafi framleiðandi hljóðrits ekki gert viðeigandi ráðstafanir skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. Ógilt er afsal flytjanda á uppsagnarrétti skv. þessari grein.

Við uppsögn samnings skv. 1. mgr. falla niður réttindi framleiðanda skv. 46. gr. til viðkomandi hljóðrits.

b. (47. gr. b).

Hafi listflytjandi framselt framleiðanda hljóðrits rétt sinn til hljóðrits listflutnings fyrir eingreiðslu, á hann rétt á árlegri viðbótarþóknun frá framleiðanda hljóðrits fyrir hvert heilt ár eftir að 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðritsins eða ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðritið var gert aðgengilegt almenningi. Ógilt er afsal listflytjanda á rétti til árlegrar viðbótarþóknunar.

Framleiðandi hljóðrits skal leggja til hliðar fjárhæð til greiðslu viðbótarþóknunar skv. 1. mgr. Samanlögð fjárhæð sem lögð er til hliðar skal samsvara 20% af tekjum framleiðandans fyrir næstliðið ár. Viðbótarþóknun skv. 1. mgr. reiknast af tekjum framleiðanda hljóðrits vegna eintaka-gerðar, dreifingar eintaka og því að hljóðrit er gert aðgengilegt almenningi frá því að 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðrits eða ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi.

Umsýsla og útborgun viðbótarþóknunar skv. 1. mgr. er á hendi samtaka rétthafa sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytisins.

Eftir kröfu frá listflytjanda eða viðurkenndum samtökum skv. 3. mgr. ber framleiðanda hljóðrits að láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja greiðslu árlegrar viðbótarþóknunar.

Ráðherra setur nánari reglur um málsmeðferð vegna viðurkenningar samtaka skv. 3. mgr.

c. (47. gr. c).

Hafi listflytjandi framselt framleiðanda hljóðrits rétt sinn til hljóðrits listflutnings og samið um reglulegar greiðslur, skal réttur til árlegrar viðbótarþóknunar ekki rýrður vegna fyrirframgreiðsla eða samningsbunds frádrátt þegar 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðrits eða ef útgáfa hefur ekki farið fram þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi.

5. gr.

Á eftir 2. mgr. 63. gr. koma tvær nýjar málsgreinar, sem verða 3. mgr. og 4. mgr., svo hljóðandi:

Samningar listflytjanda um framsal réttinda til hljóðrits listflutnings sem gerðir eru fyrir 1. nóvember 2013, halda gildi sínu eftir það tímamark í þeim tilvikum þegar verndartími þess telst útrunninn skv. eldri reglum, nema á annan veg sé mælt fyrir um í samningi.

Að því marki sem samningar um framsal réttinda listflytjanda til hljóðrits, sem gerðir eru fyrir 1. nóvember 2013, veita listflytjanda rétt til reglulegra greiðslna, er heimilt að semja um þær að nýju, þegar 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðrits eða ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi.

3.-5. mgr. verða 5. – 7. mgr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru leidd í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinn skyldra réttinda.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 3. - 5. gr. gilda um réttindi listflytjenda og framleiðenda til hljóðrita sem í gildi voru 1. nóvember 2013 og sem verða til eftir það tímamark.

Ákvæði 1. gr. gildir um tónverk með texta, þar sem tónverk eða texti nýtur verndar í aðildarríki EES-svæðisins 1. nóvember 2013 og um tónverk með texta sem verða til eftir það

tímamark. Ákvæði 1. gr. hefur ekki áhrif á hagnýtingu tónverka með texta sem farið hefur fram fyrir 1. nóvember 2013.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur

Lagafrumvarpi þessu er ætlað að leiða í íslensk lög hluta af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda (hér eftir einnig nefnd „verndartímatilskipunin“ og „tilskipunin“). Alþingi hefur áður fjallað um innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt, sbr. álit allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 15. október 2012 og álit utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 25. október 2012. Þá hefur verið fjallað um tilskipunina í þingsályktun Alþingis frá 4. desember 2013 (77. þingmál á 143. löggjafarþingi). Tilskipunin var tekin upp í XVII. viðauka (hugverkaréttindi) við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar 3. maí 2013 sem tók gildi 1. ágúst 2014. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar bar að innleiða hana í aðildarríkjum Evrópusambandsins eigi síðar en 1. nóvember 2013 en EES-EFTA ríkjunum veittist frestur til 1. ágúst 2014 til að innleiða tilskipunina. Við undirbúning frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af innleiðingu verndartímatilskipunarinnar í öðrum norrænum ríkjum. Frumvarp um innleiðingu tilskipunarinnar var á þingmálaskrá ríkisstjórnar fyrir 143. löggjafarþing og svo aftur á þingmálaskrá fyrir 144. löggjafarþing en var ekki lagt fram. Íslenskum stjórnvöldum barst formleg tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA um ákvörðun, dags. 12. nóvember 2014, (495/14/COL) þar sem byrjað er tafamál vegna dráttar á innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt.

II. Tílefni og nauðsyn lagasetningar

Lagt er til að tilskipunin verði innleidd með breytingu á gildandi höfundalögum. Tilskipun um verndartíma er byggð á frumvarpi að breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði fram 16. júlí 2008 (2008/464/EB). Þær breytingar sem lagðar eru til á höfundalögum í frumvarpi þessu taka til nokkurra þátta. Í fyrsta lagi er lagt til að útreikningur á verndartíma tónverka með texta verði samræmdur þannig að verndartími tónlistar og söngtexta verði 70 ár frá dánarári þess höfundar sem lengur lifir, hvort sem það er tónskáld eða texta-höfundur.

Að auki felst í frumvarpinu tillaga um lengdan verndartíma hljóðrita á eftirfarandi hátt:

Lagt er til að verndartími fyrir fyrir rétt flytjenda til hljóðrita af listflutningi þeirra sem hafa verið gefnar út eða gerðar aðgengilegar almenningi lengist úr 50 árum í 70 ár, reiknað frá útgáfudegi eða þegar hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi. Samsvarandi breyting er lögð til á rétti framleiðenda hljóðrita¹ til hljóðrita sem hafa verið gefin út eða gerð aðgengileg almenningi.

Framlengingu verndartíma hljóðrita fylgir nýtt ákvæði um rétt listflytjenda² til árlegrar viðbótarþóknunar á framlengdum verndartíma. Viðbótarþóknunin skal samsvara 20% af þeim tekjum sem framleiðandi hljóðrita hefur af því að á framlengdum verndartíma.

¹ Hugtakið „framleiðandi hljóðrita“ er hér notað í sömu merkingu og í c-lið 3. gr. Alþjóðasamnings um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana (Rómarsáttmáli) frá 26. október 1961, sbr. auglýsingu nr. 2/1994 í C-deild Stjórnartíðinda. Þar merkir hugtakið „framleiðandi hljóðrita“ einstakling eða lögaðila sem framkvæmir fyrstu upptöku listflutnings eða annarra hljóma.

² Hugtakið „listflytjandi“ er hér notað í sömu merkingu og í a-lið 3. gr. Rómarsáttmálans. Þar merkir hugtakið „listflytjandi“ leikara, söngvara, hljóðfæraleikara, dansara og aðra þá sem leika leiksviði, syngja, lesa upp, segja fram, taka þátt í eða flytja með öðrum hætti verk sem heyra til bókmenntum eða listum.

Að auki felur frumvarpið í sér nýtt ákvæði sem heimilar listflytjanda að segja upp samningi um framsal réttinda ef umsamin réttindi eru ekki nýtt í nægilegum mæli.

Loks felur frumvarpið í sér ákvæði um gildistöku sem segja til um í hvaða mæli þeim breyttu reglum sem hér eru lagðar til verður beitta um gildandi réttindi og framsalssamninga.

III. Meginefni frumvarpsins

1. Vernd tónverka ásamt texta

1.1. Gildandi réttur

Í 1. kafla höfundalaga er fjallað um andlag og innihald höfundaréttar. Þar er einnig kveðið á um hvers konar verk falla undir höfundalög og hvað felist í höfundaréttarvernd.

Tónverk ásamt texta felur í sér tvenns konar höfundaverk sem unnt er að hagnýta hvort um sig; tónlist og texti. Slík verk teljast vera samsett verk í skilningi höfundaréttar og njóta sem slík ekki sérstakar stöðu skv. höfundalögum sökum þess að hægt er að aðskilja tónlist og texta og vernda sem sjálfstæð verk. Tónverk ásamt texta eru í skilningi höfundalaga tvö sjálfstæð verk, tónlist og texti, sem njóta hvort sum sig sjálfstæðrar verndar skv. 1. gr. höfundalaga.

Samsettum verkum má ekki blanda saman við safnverk en um þau gilda sérstök ákvæði skv. 6. gr. höfundalaga Safnverk eru samsafn margra verka eða hluta af þeim, t.d. smásagnasöfn, sálma- bækur, gagnagrunnar og tímarit. Hver smásaga um sig nýtur sjálfstæðrar verndar og fellur ekki undir 6. gr. laganna. Það er einungis samsetningin sem nýtur verndar skv. 6. gr.

Samsettum verkum má heldur ekki blanda saman við sameiginlegum höfundaverkum sem njóta verndar skv. 7. gr. höfundalaga. Slík verk eru verk tveggja samhöfunda eða fleiri, þar sem höfundaframlag hvers um sig verður ekki aðgreint sem sjálfstætt verk. Það sem skilur á milli er hvort þáttur hvers og eins höfundar getur verið hagnýtt sérstaklega sem sjálfstætt verk. Ef svo er telst ekki vera um sameiginlegt höfundaverk að ræða. Þótt tónverk hafi ásamt texta sem við það er tengdur, feli í sér tónlist og texta, sem er sérstaklega samið til að nota saman, er hægt að skilja þessi höfunda verk að, t.d. er unnt að prenta söngtexta sérstaklega.

Mælt er fyrir um gildistíma (verndartíma) höfundaréttar í IV. kafla höfundalaga. Af 43. gr. laganna leiðir að höfundaréttur að verki helst þar til 70 ár eru liðin frá andlátsári höfundar. Sökum þess að tónverk með texta er hægt að aðgreina í tvenns konar sjálfstæð verk, reiknast verndar- tíminn sjálfstætt fyrir hvort verk. Í því felst að mislangur verndartími getur verið á tónverki og texta, miðað við mismunandi andlátsár tónhöfundar og textahöfundar. Ef tónverk með texta er samið af tónhöfundi sem andast 1950 og textahöfundi sem andast 1970, verður þannig 20 ára tímabil þar sem aðeins söngtextinn nýtur verndar eða öfugt, að því gefnu að textahöfundur andist á undan tónhöfundi.

1.2. Aðdragandi frumvarpsins

Í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar um verndartíma höfundaréttar og skyldra réttinda kemur fram að verndartími tónverka, að meðtöldum texta, gildi í 70 ár eftir andlátsár þess höfundar sem lengst lifir, tónskáld eða textahöfundur, að því gefnu að framlag hvors um sig hafi verið ætlað til notkunar með viðkomandi tónverki ásamt texta. Lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að þetta ákvæði tilskipunarinnar verði innleitt í 43. gr. höfundalaga.

Í athugasemdum með því frumvarpi sem varð að tilskipun 2011/77/ESB kemur fram að tónverk með texta eigi sér oft fleiri en einn höfund. Þegar um er að ræða óperur eru höfundar tónlist og texta iðulega sitt hvor aðilinn. Innan hryntónlistar er einnig algengt að hið skapandi ferli fari fram í samstarfi innan hóps tónlistarmanna. Í frumvarpi að tilskipuninni er einnig vísað til þess að vinsælustu löggin í Bretlandi á árunum 1912-2003 hafi í 61% tilvika átt sér fleiri en einn höfund.

Fram til þessa hefur útreikningur á verndartíma tónverka ásamt texta verið mismunandi meðal EES-ríkjanna. Í sumum aðildarríkjum hefur verið miðað við sama verndartíma fyrir tónlist og texta reiknað frá andlátsári þess höfundar sem lengst lifir. Með þeim hætti hefur framkvæmdin verið hér á landi, án þess að það hafi þó átt sér beina lagastoð. Í öðrum ríkjum hefur verndartími tónlistar og texta verið reiknaður sjálfstætt fyrir hvorn verkhluta um sig. Slíkt ósamræmi á milli aðildarlanda EES-samningsins er til þess fallið að valda vandkvæðum við útteilingu á þóknun fyrir afnot tónverka með texta.

1.3. Innleiðing í höfundalög

Gildandi höfundalög hafa ekki að geyma sérstök ákvæði um samsett verk eins og tónverk með texta. Í tilefni af innleiðingu tilskipunar um verndartíma hefur verið hugleitt hvor nauðsynlegt teljist að bæta nýrri tegund verka – samsett verk í 1. kafla höfundalaga eða hvort nægilegt sé setja í höfundalög sérreglu um útreikning verndartíma fyrir samsett tónverk með texta.

Samkvæmt orðalagi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar skal samræma útreikning verndartíma tónverka með tilheyrandi texta þannig að verndin standi í 70 ár frá andlátsári þess höfundar sem lengst lifir, tónskáld eða textahöfundur, að því tilskildu að höfundaframlag hvors um sig hafi verið sérstaklega búin til fyrir tónverkið ásamt texta. Að þessu leyti hefur tilskipunin aðeins áhrif á útreikning verndartíma slíkra samsettra tónverka með texta.

Af þessum sökum felur frumvarpið aðeins í sér breytingu á gildandi ákvæðum höfundalaga um útreikning verndartíma á þann hátt að útreikningur verndartíma fyrir tónverk ásamt texta er samræmdur fyrir þá tvo verkhluta sem um ræðir. Þessir tveir verkhlutar njóta eftir sem áður verndar sem sjálfstæð verk með þeirri breytingu einni að útreikningur verndartíma beggja verkhluta er samræmdur.

Ef um er að ræða tvo höfunda að söngtexta og aðkomu tveggja tónskálda eða fleiri að tónverki ber að líta á höfundaframlag hvers um sig sem verk samhöfunda. Í slíkum tilvikum er það andlátsár þess höfundar sem lengst lifir sem er grundvöllur fyrir útreikningi á eftirfarandi 70 ára verndartíma.

Ef upp kemur vafi í hve miklum mæli tónverk og texti er samið hvort fyrir annað, ber hlutaðeigandi höfundum að leysa úr því, hugsanlega með aðkomu dómstóla, ef um ágreining er að ræða. Í slíku deilumáli yrði fjallað um framlengingu réttinda og sönnun þar að lútandi, sem dómstólar leysa úr.

Sú aðferð á útreikningi verndartíma sem hér er lögð til á sér fyrirmynd við útreikning á verndartíma kvikmyndaverka, þar sem margir höfundar koma jafnan við sögu, þ.e. aðalleikstjórar, handritshöfundar og tónhöfundar og er þá verndartími kvikmyndaverks bundinn við 70 frá andlátsári þess höfundar sem lengst lifir, sbr. 43. gr. höfundalaga.

2. Lenging verndartíma fyrir listfytjendur

2.1. Gildandi lög

Í 1. mgr. 1. gr. gildandi höfundalaga er kveðið á um að höfundur að bókmenntaverki eða listaverki eigi eignarrétt á því. Samhliða höfundarétti eru tvenns konar skyld réttindi, þ.e. réttur listflytjenda verndar listflutning bókmenntaverks eða listaverks (45. gr.), einnig nefndur flutningsréttur, og réttur framleiðanda hljóðrits (46. gr.), einnig nefndur framleiðandaréttur, sbr. eftirfarandi umfjöllun um rétt framleiðenda hljóðrita (3. þáttur).

Listflytjendur, hvort sem um er að ræða aðflytjendur eins og einleikarar eða söngvarar, eða aukaflytjendur eins og meðleikara eða bakraddasöngvara, hafa rétt til verndar á flutningi sínum. Í því felst m.a. að upptökur eru aðeins heimilar með samþykki listflytjanda, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 45. gr. laganna. Þar að auki felst í rétti listflytjenda að eintakagerð af upptökum listflutnings og að gera þær aðgengilegar fyrir almenning er háð samþykki listflytjanda. Mælt er fyrir um verndartíma listflutnings í 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu á listflytjandi rétt til verndar á listflutningi sínum uns 50 ár eru liðin frá lokum þess árs þegar flutningurinn fór fram. Hafi upptaka listflutnings verið gefin út eða birt innan þessa tímamarks, miðast upphaf verndartímans þó við 50 ár frá lokum útgáfuárs eða þegar birting fór fram, eftir því hvort hefur gerst fyrir. Vernd skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. höfundalaga tekur til upptöku á hvers konar flutningi bókmenntaverka og listaverka, þ.m.t. tónlistarflutnings, leikuppfærslu, listdans, upplestur bókmenntaverka o.fl. Gildandi höfundalög fjalla því ekki sérstaklega um útreiking á verndartíma fyrir hljóðrit, þar sem þau falla undir heildarhugtakið „upptaka listflutnings“. Þar að auki er vert að benda á að ákvæði 45. gr. laganna eru óháð tækni í þeim skilningi að flutningur er verndaður óháð því hvers konar miðlar eru notaðir til upptöku (band, filma eða annar búnaður). Þegar verndartíminn er útrunninn eru afnot hins verndaða verks heimil, t.d. í hljóðvarpi og sjónvarpi og á netinu án heimildar frá listflytjanda og greiðslu flutningsgjalda.

2.2. Forsaga tillögunnar

Af a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar leiðir að ef hljóðrit listflutnings er gefið út eða á annan hátt gert aðgengilegt almenningi innan 50 ára frá því að listflutningurinn fór fram, lengist verndartími listflytjanda uns 70 ára eru liðin frá lokum þess árs þegar hljóðrit var fyrst útgefið eða birt opinberlega, eftir því hvort gerist fyrir.

Hugtakið hljóðrit er skilgreint í Rómarsamningi um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana³ í b-lið 3. gr. „sérhver upptaka, sem einungis geymir hljóð, á listflutningi eða öðrum hljóðum.“ Í samræmi við skilgreiningu í alþjóðasamninga á sviði höfundaréttar er hugtakið „hljóðrit“ notað um hljóðupptöku í höfundalögum. Rétt er að hafa í huga að frumvarpið og tilskipunin varða framlengdan verndartíma hljóðrita en ekki myndrita. Hljóðrit listflutnings getur verið upptaka tónlistarflutnings, upptaka leikrits eða upplestur hljóðbókar.

Markmið tilskipunarinnar er einkum að bæta skilyrði fyrir listflytjendur á hljóðritum, þ.e. hljóðfæraleikara og söngvara. Í því frumvarpi sem varð að tilskipuninni sem kynnt var 2008 hefst ferill margra listflytjenda úr hópi tónlistarmanna og söngvara feril sinn upp úr tvítugu. Það þýðir að þegar gildandi verndartíma listflutnings er náð, 50 árum, eru þessir listflytjendur um sjötugt og missa þar með mikilvægan tekjustofn seint á starfsævinni, þegar greiðslum til þeirra frá plötuútgefendum og greiðslum fyrir flutningsrétt á hljóðritum í hljóðvarpi og sjónvarpi lýkur. Þetta á einkum við um svonefnda aukaflytjendur (meðleikara eða bakraddarsöngvara), sem ráðnir eru til að ráðnir eru til einstakra verkefna, þar sem þeir fara ekki með höfundarétt að tónlistinni. Að

³ Alþjóðasamningur um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana, gerður í Róm 26. október 1961, sbr. auglýsingur nr. 2/1994 í C-deild Stjórnartíðinda.

liðnum verndartíma flytjendaréttarins eiga þeir ekki lengur rétt til tekna af sölu hljóðrítisins. Í þessu felst einnig að listflytjendur missa réttinn til að stjórna því hvort upptakan er notuð á þann hátt sem vegur að listamannsheimi þeirra. Með lengingu verndartímans um 20 ár dregur úr hættunni á að listflytjendur missi þessa tekjulind á æviskeiðinu og upptökur listflutnings sem eru ekki lengur verndaðar verði notaðar á þann hátt að vegið sé að listamannsheimi þeirra.

2.3. Álitaefni og efni frumvarps

Gildandi reglur um útreikning á verndartíma flutningsréttar listflytjenda koma fram í 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. höfundalaga og er þar ekki gerður greinarmunur á hljóðupptöku og annars konar upptöku, t.d. hljóð- og myndupptaka og margmiðlunarverk. Í verndartímatilskipuninni felst að í höfundalögum þarf framvegi að gera greinarmun á verndartíma fyrir hljóðrit og annars konar upptökur. Vegna þessarar aðgreiningar er lagt til að fella brott 2. másl. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. laganna. Lengdur verndartími á aðeins við um hreinar hljóðupptökur eins og t.d. tónlistarupptökur en lengdur verndartími tekur þó einnig til hljóðbóka. Aftur á móti falla hljóð- og myndupptökur, þ.m.t. kvikmyndaverk og hljóð- og myndmiðlaútsendingar utan hins lengda verndartíma. Frumvarpið felur annars vegar í sér nýja 2. mgr. 45. gr. höfundalaga um verndartíma fyrir upptökur, sem eru ekki hljóðupptökur, sem eru gefnar út eða gerðar aðgengilegar almenningi, þ.e. ný 2. mgr. 45. gr. og hins vegar nýja 3. mgr. 45. sem á við um hljóðrit eingögnu, sem eru gefnar út eða gerðar aðgengilegar almenningi. Þar sem frumvarpið felur í sér lengingu á verndartíma kunna að vakna álitaefni um réttindi á hljóðritum sem eru eldri en 50 ára en þó yngri en 70 ára. Rétturinn að þessum hljóðritum telst útrunninn skv. gildandi reglum. Til að leysa úr álitaefnum þessu tengdum er í frumvarpinu mælt fyrir um það í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða að lenging verndartíma skv. 3. gr. – 5. gr. frumvarpsins hafi áhrif á réttindi listflytjenda og framleiðenda til hljóðrita sem í gildi voru 1. nóvember 2013 og verða til eftir það tímamark. Af þessu leiðir að réttindi sem voru útrunnin 1. nóvember 2013 verða ekki endurvakin.

3. Lenging verndartíma fyrir hljóðritaframleiðendur

3.1. Gildandi réttur

Líkt og listflytjendur eiga framleiðendur hljóðrita einnig rétt til verndar á hljóðriti sem framleitt er – svonefndan framleiðandarétt. Í þeim rétti felst að hljóðrit má ekki afrita eða gera aðgengileg almenningi án samþykkis framleiðanda. Um verndartíma þessara réttinda er nú mælt fyrir í 1. mgr. 46. gr. höfundalaga. Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. höfundalaga gildir framleiðandarétturinn uns 50 ár eru liðin frá lokum þess árs þegar frumupptaka hljóðrítis fór fram. Ef hljóðrit er gefið út eða dreift til almennings á annan hátt innan verndartímans gildir framleiðandarétturinn þó uns 50 ár eru liðin frá lokum þess árs þegar hljóðriti var fyrst dreift. Þegar verndartími er útrunninn eru afnot hljóðrit frjáls í t.d. hljóðvarpi, sjónvarpi og á netinu, án þess að leita þurfi heimildar eða greiða endurgjald til framleiðanda hljóðrítisins.

3.2. Grundvöllur frumvarpsins

Af b-lið 2. mgr. 1. gr. verndartímatilskipunarinnar leiðir að verndartími fyrir réttindi framleiðenda hljóðrita lengist úr 50 árum eins og nú gildir í 70 ár, að því tilskyldu að hljóðrit hafi verið gefið út eða gert aðgengilegt almenningi á annan hátt innan 50 ára frá því tímamarki þegar listflutningur fór fram. Hinn lengdi verndartími reiknast frá því tímamarki þegar hljóðrit var fyrst útgefið eða gert aðgengilegt almenningi, hafi það ekki verið útgefið. Ákvæðið er þannig hliðstætt ákvæði tilskipunarinnar um lengdan verndartíma hljóðrita í þágu listflytjenda eins og gerð er grein fyrir hér að framan.

Í því frumvarpi að verndartímatilskipunni sem kynnt var 2008 kom fram að hljómplötuiðnaðurinn hefði orðið fyrir tekjutapi og gæti þar af leiðandi í minna mæli en áður sett fjármuni í að styðja við útgáfu hjá upprennandi tónlistarmönnum. Í rökstuðningi með frumvarpinu kom fram að lenging verndartíma myndi auka tekjur hljómplötuframleiðenda á nýja leik og þannig styðja við að fjármunir væru settir í að styðja við tónlistarferil hjá nýju hæfileikafólki og þannig gera hljómplötuframleiðendum kleift að dreifa áhættunni af því styðja upprennandi hæfileikafólk.

3.3. Álitaefni og efni frumvarps

Verndartími fyrir framleiðendarétt að hljóðritum er nú ákveðinn í 1. mgr. 46. gr. höfundalaga. Í frumvarpinu er lögð til breyting á verndartíma fyrir framleiðendur hljóðrita. Í breytingunni felst að framleiðandarétturinn gildir í 70 ár frá fyrstu dreifingu ef upptöku er dreift til almennings, innan 50 ára frá lokum þess árs þegar frumupptaka fór fram. Hafi hljóðrit hvorki verið gefið út né gert aðgengilegt almenningi gildir áfram núverandi 50 ára verndartími talið frá lokum þess árs þegar frumupptaka fór fram.

Þar sem frumvarpið felur í sér lengingu verndartíma kunna að koma upp álitaefni um stöðu framleiðandaréttar gagnvart hljóðritum sem eru eldri en 50 ára en yngri en 70 ára. Rétturinn að þessum hljóðritum telst útrunninn skv. gildandi reglum. Til að leysa úr álitaefnum þessu tengdum er í frumvarpinu í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar mælt fyrir um það í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða að lenging verndartíma skv. 3. gr. – 5. gr. frumvarpsins hafi áhrif á réttindi listflytjenda og framleiðenda til hljóðrita sem í gildi voru 1. nóvember 2013 og verða til eftir það tímamark. Af þessu leiðir að réttindi sem voru útrunnin 1. nóvember 2013 verða ekki endurvakin.

4. Uppsögn framsalssamnings

4.1. Gildandi réttur

Um framsal höfundaréttinda gilda almennar reglur fjármunaréttarins. Listflytjendum er því frjálst að framselja réttindi sín til hljómplötuframleiðenda gegn eingreiðslu eða reglulegu endurgjaldi. Höfundalög hafa ekki að geyma sérstakt ákvæði sem mælir fyrir um rétt listflytjenda til að segja upp framsalssamningi. Almennir samningsskilmálar um framsal höfundaréttar koma fram í 27. gr. – 32. gr. og eru þeir frávíkjanlegir með samningi milli aðila, að undanskildum ákvæðum 27. gr., nema annað leiði af öðrum ákvæðum laganna. Réttur listflytjanda til að segja upp framsalssamningi ræðst af almennum reglum um samninga á sviði fjármunaréttar. Ákvæði 36. gr. höfundalaga hefur að geyma heimild til uppsagnar útgáfusamnings hafi tónverk ekki verið gefið út innan 4 ára frá því, að útgefandi fékk í hendur fullgert handrit eða annað eintak, sem nota skal til eftirgerðar, og er höfundi þá, ef ekki hefur verið samið um lengri frest til útgáfu, heimilt að segja upp útgáfusamningi, enda þótt skilyrði til riftunar eftir almennum réttarreglum séu ekki fyrir hendi. Sama gildir, ef upplag hefur selst upp og útgefandi, sem fengið hefur rétt til nýrrar útgáfu, hefur ekki gefið verkið út að nýju innan 2 ára frá því, að höfundur krafðist þess. Þessu ákvæði verður þó ekki beitt um réttindi listflytjenda, þar sem 36. gr. er ekki getið meðal ákvæða í 3. mgr. 45. gr. laganna.

Markmiðið með endurheimt réttar listflytjanda skv. a-lið 5. gr. frumvarpsins (sem verður 47. gr. a í lögnum) er að tryggja að framsalshafi réttindanna geti ekki lagt „hina dauðu hönd“ á hið verndaða verk með því að varna því að verkið, t.d. tónlistarupptaka, verði notað. En notkunarleysi á framseldu verki er talin ganga gegn hagsmunum höfundar og samfélagsins.

Ákvæði a-liðar 5. gr. frumvarpsins (sem verður 47. gr. a í lögnum) felur í sér að framsalshafa réttindanna er skylt að nota verkið í samræmi við efni framsalssamningsins. Á hvern hátt skal hagnýta verkið veltur þannig á framsalssamningnum en ekki ákvæðum höfundalaga. Ákvæði a-

liðar 5. gr. frumvarpsins er ófrávíkjanlegt með samningi, að því er varðar breytingu á tímafrestum fyrir hagnýtingu og aðlögunartíma.

4.2. Grundvöllur frumvarpsins

Í c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar (2a) er ákvæði sem ensku hefur verið nefnt "use it or loose it"-ákvæði eða „notaðu eða misstu“ ákvæði. Samkvæmt ákvæðinu getur listflytjandi sagt upp framsalssamningi að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í fyrsta lagi þarf framsalssamningurinn að fjalla um réttindi til hljóðupptöku sem er gefin út fyrir 50 árum, eða ef ekki er um útgáfu að ræða, að hljóðupptakan hafi verið gerð opinber fyrir 50 árum. Í öðru lagi má segja upp framsalssamningi ef framleiðandi hljóðrits gerir ekki eitt af eftirtöldu: býður eintök af hljóðupptöku til sölu í nægilegum fjölda eða gerir hljóðupptöku aðgengilega almenningi á þann hátt að hver og einn geti haft aðgang að henni á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys. Í þriðja lagi er sett það skilyrði að listflytjandi gefi hljóðritaframleiðanda eins árs aðlögunartíma þar sem framleiðandinn á þess kost að hrinda í framkvæmd báðum hagnýtingarráðstöfunum og komast þannig hjá uppsögn framsalssamningsins.

Markmiðið með ákvæði tilskipunarinnar er að veita listflytjanda færi á að ganga að nýju inn í flutningsréttindi til hljóðrits og að gera hljóðritið aðgengilegt almenningi að nýju ef það er ekki lengur gefið út eða á annan hátt gert aðgengilegt 50 árum eftir fyrstu útgáfu, og hafi hljóðritið ekki verið gefið út, 50 árum eftir að það var fyrst gert aðgengilegt almenningi. Þegar framsalssamningi hefur verið sagt upp leiðir skýrt af orðalagi c-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar að samhliða framleiðandaréttur til hljóðritsins fellur brott. Með þessu móti er girt fyrir að hljóðritaframleiðandi leggi „hina dauðu hönd“ á hljóðritið og hindri að hljóðritið verði gert aðgengilegt almenningi.

4.3. Álitaefni og efni frumvarps

Á framangreindum grundvelli leggur mennta- og menningarmálaráðuneytið til að sett verði nýtt ákvæði í höfundalög með framangreindum tímafrestum um rétt listflytjanda til að segja upp framsalssamningi um hljóðrit, sem eru 50 ára eða eldri. Í frumvarpinu er lagt til að hið nýja ákvæði verði 47. gr. a í V. kafla laganna.

Í a-lið 5. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að listflytjandi geti sagt upp samningi um framsal réttinda þegar liðin eru 50 ár frá fyrstu útgáfu, eða ef hljóðrit er ekki gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðrit var fyrst gert aðgengilegt almenningi. Uppsögn framsalssamnings er háð skilyrði um að hljóðritaframleiðandi hafi á umræddu tímamarki ekki hagnýtt hljóðritið með þeim hætti sem nefnt er í ákvæðinu. Ef framleiðandi hljóðrits aðhefst eitthvað af eftirtöldu getur listflytjandi ekki sagt upp framsalssamningi: annað hvort býður eintök hljóðritsins til sölu í nægilegu magni, eða gerir hljóðritið aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys.

Í 2. mgr. a-liðar 5. gr. frumvarpsins (sem verður 2. mgr. 47. gr. a ef frumvarpið verður að lögum) er kveðið á um að listflytjandi skuli veita hljóðritaframleiðanda eins árs frest áður en uppsögn tekur gildi. Hljóðritaframleiðandi hefur þannig eitt ár til að hrinda í framkvæmd hagnýtingu hljóðrits eftir framangreindum leiðum. Hafi það ekki verið gert fyrir lok eins árs frestsins tekur uppsögnin gildi. Samkvæmt ákvæðinu eru getur listflytjandi ekki afsalað sér rétt til uppsagnar framsalssamningi. Samningsákvæði sem fela slíkt í sér teljast því ógild þar sem reglan er ófrávíkjanleg. Vegna sönnunar þarf uppsögn skv. 1. mgr. a-liðar 5. gr. frumvarpsins (1. mgr. 47. gr. a ef frumvarpið verður að lögum) að vera skrifleg.

Hljóðritaframleiðanda er ætlað að hrinda í framkvæmd tveimur samhliða hagnýtingarráðstöfunum innan uppsagnarfrestsins. Í fyrsta lagi er hljóðritaframleiðanda ætlað að bjóða eintök af hljóriti til sölu í nægilegu magni. Í öðru lagi ber að gera hljóðrit aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys.

Framboð sölueintaka hljóðrits í nægilegum fjölda á að fullnægja skilgreiningu í Rómarsamningi um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana (d-liður 3. gr. samningsins), þar sem „útgáfa“ verks telst hafa átt sér stað þegar eintök hafa verið boðin almenningi til sölu „í álitverðum fjölda“. Krafa verður ekki gerð um að framleiðandinn selji tiltekinn fjölda eintaka, aðeins að eintök hafi verið boðin til sölu og hljóðritið hafi þar með verið gert aðgengilegt almenningi.

Á sama hátt er krafa um að hljóðrit hafi verið gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys, uppfyllt með því að framleiðandinn bjóði nytjaleyfi fyrir slíka hagnýtingu með sanngjörnum skilmálum.

Ef skilmálar nytjaleyfis gera það viðskiptalega séð óaðgengilegt kunna þeir að fela í sér sniðgöngu ákvæðisins og standa því þá ekki í vegi að listflytjandi segi framsalssamningi upp.

Þrátt fyrir framsal er ekki víst að framleiðandi hafi tekið við öllum réttindum listflytjanda til hljóðritsins. Hafi framleiðandi hljóðrits t.d. ekki öðlast réttinn til að gera það aðgengilegt, getur hann eðli málsins samkvæmt ekki nýtt hana á þann hátt að gera hana aðgengilega. Framleiðanda hljóðrits verður einungis gert að gera þær ráðstafanir til hagnýtingar þess í þeim mæli sem hann hefur öðlast réttindi til. Þegar um er að ræða framsal að hluta veldur uppsögn framsalssamnings ekki á því hvort hljóðritaframleiðandinn hafi láti hjá líða að semja um hagnýtingu sem fellur utan þeirra réttinda sem hann hefur öðlast yfir hljóðritinu.

Af því ákvæði sem hér er mælt fyrir leiðir að þegar framsalssamningi er slitið falla niður samhliða réttindi framleiðanda til þess hljóðrits sem sem fellur undir framsalssamninginn. Í þessu felst að ef listflytjandi segir upp framsalssamningi og leysir þannig réttindin til sín á ný, styttest verndartíminn í raun fyrir framleiðandann hvað varðar hans eigin réttindi til þess hljóðrits sem um ræðir. Hafi framsalssamningi verið slitið tekur uppsögnin aðeins til þeirra réttinda sem sem tilgreind voru í framsalssamningnum og ekki til fyrri hljóðrita listflutnings sama listflytjanda (e. back catalogue).

Ákvæði frumvarpsins veitir listflytjanda einnig rétt til að segja upp framsalssamningi um hljóðrit sem hafa aðeins verið gerð opinber. Slík hljóðrit er til að mynda að finna í safni Ríkisútvarpsins, og af þeirri ástæðu er fyrirsjáanlegt að frumvarpið muni hafa áhrif á stöðu þess. Í því sambandi ber að vekja athygli á að sú breyting sem felst í ákvæðinu hefur aðeins áhrif á hljóðrit eins og upptöku tónlistarflutnings, hljóðvarpsútsendinga eða útvarpsleikrit en ekki mynd- og hljóðrit eins og kvikmyndir og sjónvarpsútsendingar, þar sem fram fer upptaka hljóðs samhliða myndupptöku.

Standi vilji Ríkisútvarpsins til þess að komast hjá uppsögn framsalssamnings ber því áður en ársfresturinn rennur út að gera ráðstafanir til að semja um tvenns konar hagnýtingu hljóðrits. Í þessu felst undantekning miðað við venjulega hagnýtingu á hljóðritum í safni Ríkisútvarpsins, þar sem slík hljóðrit eru almennt ekki boðin til sölu. Eðli málsins samkvæmt getur Ríkisútvarpið ekki samið um hagnýtingu, hafi það ekki öðlast slíkan rétt annað hvort með beinum samningum við listflytjanda eða í gegnum heildarsamning við hagsmunasamtök listflytjenda. Í þeim tilvikum þar sem Ríkisútvarpið hefur ekki öðlast rétt til að gera hljóðrit aðgengilegt almenningi veltur réttur

listflytjanda til uppsagnar ekki á því hvort Ríkisútvarpið hafi látið hjá líða að hagnýta hljóðritið með slíkum hætti, enda hefur það ekki heimild til að gera svo.

Rétturinn til að segja upp framsalssamningi tekur til allra framsalssamninga óháð því hvort listflytjandi hafi framselt réttindi sín gegn eingreiðslu eða með jöfnum greiðslum.

Af verndartímatilskipuninni leiðir að ef hljóðrit hefur að geyma flutning fleiri en eins listflytjanda geta þeir sagt upp sagt upp samningum sínum við hljóðritaframleiðanda í samræmi við gildandi landslög.

Ákvæðið segir ekki til um á hvern hátt listflytjandi kann að hagnýta sér þau réttindi sem hann hefur öðlast að nýju. Algengt er að um sé að ræða hljóðrit sem gerð eru með öðrum rétthöfum (t.d. tónleikar í útvarpssal) og ný hagnýting verður þannig að fara fram að teknu tilliti til annarra rétt-hafa.

5. Ákvörðun árlegs viðbótarframlags til listflytjenda

5.1. Gildandi réttur

Gildandi höfundalög kveða ekki á um, hvernig greiðsla skuli fara fram þegar listflytjandi fram-selur réttindi sín til tónlistarupptöku. Greiðsla fyrir slíkt framsal er ákveðin í samningi milli aðila í samræmi við almennar reglur fjármunaréttarins. Greiðsla fyrir framsal réttinda er annað hvort ein-greiðsla eða jafnaðargreiðslur. Ef ósamkomulag er um þá fjárhæð sem samið var um fyrir framsal-ið er hægt að skjóta slíkum ágreiningi til dómstóla.

Höfundalögin hafa að geyma nokkur ákvæði sem mæla fyrir um óframseljangar kröfur til þóknunar fyrir tiltekin afnot verndaðra verka. Ákvæði 3. mgr. 41. gr. höfundalaga mælir fyrir um óframseljanlegt endurgjald við útleigu á mynd- og hljóðritum. Hafi listflytjandi framselt rétt sinn til útleigu hljóðrits til hljóðritaframleiðandans leiðir af fyrrgreindu ákvæði að listflytjandinn á rétt að sanngjarnri þóknun fyrir útleiguna frá framleiðandanum. Réttur til þóknunar verður aðeins sóttur í gegnum samtök rétthafa og verður honum ekki afsalað með samningi.

Á sambærilegan hátt hefur 45. gr. höfundalaga að geyma reglur um endurgjald fyrir afnot hljóðrita til útsendinga í hljóðvarpi og sjónvarpi. Af 1. mgr. 47. gr. höfundalaga leiðir að listflytjendur og framleiðendur hljóðrita eiga rétt til endurgjalds fyrir notkun útgefinna hljóðrita í hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingum og við annan opinberan flutning (þó ekki við hljóð- og myndmiðlun eftir pöntun). Krafa til endurgjalds verður aðeins gerð af hálfu samtaka rétthafa sem fer bæði með inn-heimtuumboð fyrir listflytjendur og framleiðendur hljóðrita. Rétthafasamtökin Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, SFH, hafa hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að gegna þessu hlutverki. Rétti til endurgjaldsins verður ekki afsalað með samningi.

Ef aðilum tekst ekki að semja um fjárhæð endurgjaldsins, skv. 45. gr. a eða 47. gr. laganna getur hvor aðili um sig lagt ágreiningsefnið fyrir þriggja manna úrskurðarnefnd sem mennta- og menningarmálaráðherra skipar úr hópi fimm manna sem höfundaréttarnefnd tilnefnir, sbr. 57. gr. laganna. Ákvörðun úrskurðarnefndarinnar er fullnaðarúrskurður í málinu á stjórnslustigi. Rétt er að vekja athygli á að í öðru frumvarpi um breytingar á höfundalögum sem er lagt fram samhliða þessu frumvarpi er mælt fyrir um breytingar á hlutverki nefndarinnar.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um að listflytjandi eigi eftir tiltekinn árafjölda kröfu á viðbótar endurgjaldi sem endurspeglar þær tekjur sem framleiðandi hljóðrits hefur haft af dreifingu, eintakagerð og því að gera hljóðrit aðgengilegt eftir tiltekinn árafjölda.

5.2. Forsendur frumvarpsins

Í staflíðum 2b-2e í c-lið 2. mgr. 1. gr. verndartímatilskipunarinnar kemur fram að listflytjandi sem sem hefur framselt rétt sinn til framleiðanda hljóðrits gegn eingreiðslu skuli eiga rétt á árlegu viðbótarframlagi. Greiðsla þess skal hefjast þegar liðin eru 50 ár frá fyrstu útgáfu hljóðrits eða ef það hefur ekki verið gefið út, frá þeim tíma þegar hljóðritið var birt.

Rétturinn til árlegs viðbótarframlags er skv. tilskipuninni virkur út verndartíma hljóðritsins og verður ekki vikið frá honum með samningi.

Framangreint ákvæði er eitt þeirra úrræða sem ætlað er að tryggja að listflytjendur hagnist raunverulega á hinum lengda verndartíma þrátt fyrir að þeir hafi framselt rétt sinn til hljóðrits, sbr. formálgrein 10 í verndartímatilskipuninni.

Af þessari ástæðu hefur tilskipunin einnig að geyma ákvæði sem kveður svo á að hafi listflytjandi framselt rétt sinn gegn reglulegum greiðslur, er óheimilt að draga þær frá þeim greiðslum sem inntar eru af hendi eftir lok hins upphaflega samningstíma. Líta ber á þetta atriði í samhengi við önnur ákvæði tilskipunarinnar um lengingu á verndartímanum og framlengingu á gildistíma fram-salssamningsins.

5.3. Mat og tillögur mennta- og menningarmálaráðuneytis

Með hliðsjón af framansögðu leggur mennta- og menningarmálaráðuneytið til að bæta við nýrri grein í höfundalög, sbr. b-lið 5. gr. frumvarpsins, sem verður 47. gr. b verði frumvarpið að lögum, þar sem í 1. mgr. er mælt fyrir um rétt listflytjanda til árlegrar viðbótarþóknunar þegar um er að ræða framsal til framleiðanda hljóðrits gegn eingreiðslu. Rétturinn til árlegrar viðbótargreiðslu gildir fyrir hvert heilt ár eftir að 50 ár eru liðin frá fyrstu útgáfu hljóðrits eða ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá þeim tíma þegar hljóðrit var gert opinbert.

Af 2. mgr. b-liðar 5. gr. frumvarpsins, sem verður 2. mgr. 47. gr. b, verði frumvarpið að lögum, leiðir að framleiðanda hljóðrits ber að leggja til hliðar 20% af árlegum tekjum sínum af dreifingu, eintakagerð og því að hljóðrit er gert aðgengilegt almenningi, sem til falla á hinum lengda verndartíma. Tekna sem afað er á grundvelli 47. gr. höfundalaga (endurgjald fyrir afnot hljóðrita í hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingum), ásamt bótum fyrir eintakagerð til einkanota skv. 3. mgr. 11. gr. laganna, teljast ekki með í samanlögðum tekjum af hljóðriti. Í þessu sambandi skal bent á að í formálgrein 11 í verndartímatilskipuninni segir að með orðinu „tekjur“ sé átt við tekjur að frádregnum kostnaði.

Það er framleiðandi hljóðritsins sem ætlað er að leggja til hliðar 20% af tekjum sínum. Með framleiðanda hljóðrits er í þessu samhengi átt við það fyrirtæki eða einstakling sem hefur forgöngu um efnahagslega hagnýtingu hljóðritsins. Að jafnaði er um að ræða það fyrirtæki eða einstakling sem er skráður rétthafi hljóðritsins hjá Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda skv. árituðu vörumerki samtakanna á þau eintök hljóðritsins sem seld eru. Ef aðrir en framleiðandi hljóðritsins annast dreifingur, eintakagerð eða gera það aðgengilegt á grundvelli samnings við framleiðanda hljóðritsins, ber framleiðandanum að leggja til hliðar 20% tekna sinna af þeim samningi.

Framleiðanda hljóðrits ber einungis að leggja 20% tekna sinna til hliðar að því leyti sem um er að ræða hljóðrit þar sem listflytjandi hefur framselt rétt sinn til framleiðandans. Tekjur sem framleiðandinn aflar með öðrum hljóðritum falla utan b-liðar 5. gr. frumvarpsins, sem verður 47. gr. b, ef frumvarpið verður að lögum. Framleiðanda hljóðritsins ber að leggja til hliðar 20% tekna sinna hjá þeim samtökum sem annast umsýslu skv. 3. mgr. b-liðar 5. gr. frumvarpsins, sem verður 3. mgr. 47. gr. b, ef frumvarpið verður að lögum.

Í frumvarpinu er lagt til í 3. mgr. b-liðar 5. gr., sem verður 3. mgr. 47. gr. b, verði frumvarpið að lögum, að umsýsla og útborgun árlegrar viðbótarþóknunar sé á hendi rétthafasamtaka sem hlotið hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í 5. mgr. b-liðar 5. gr. frumvarpsins, sem verður 5. mgr. 47. gr. b, verði frumvarpið að lögum, kemur fram að mennta- og menningarmálaráðherra setji nánari reglur um málsmeðferð vegna viðurkenningar slíkra rétthafasamtaka. Heimild til útgáfu sambærilegra reglna er þegar fyrir hendi í 53. gr. a í höfundalögum fyrir innheimtusamtök sem starfa m.a. á grundvelli 2. mgr. 47. gr. en engar slíkar reglur hafa enn verið settar á þeim grundvelli. Í öðru frumvarpi til breytinga á höfundalögum sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi er lagt til að fella þetta ákvæði niður.

Í c-lið 5. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði ný grein, sem verður 47. gr. c, verði frumvarpið að lögum. Ákvæðið á við um þau tilvik þar sem listflytjandi hefur framselt réttindi sín til framleiðanda hljóðrits gegn reglulegum greiðslum. Samkvæmt ákvæðinu er lagt til að í þeim tilvikum megi hvorki draga fyrirframgreiðslu eða samningsbundinn frádrátt frá þeim greiðslum sem listflytjandi á rétt til á framlengdum verndartíma.

Tilgangur ákvæðisins er að skapa jafnræði í samningum þar sem listflytjendur hafa framselt einkaréttindi sín til framleiðanda hljóðrits gegn þóknun á þann hátt að listflytjandi geti notið til fulls hins lengda verndartíma. Það er gert með þeim hætti listflytjandi hefur fengið jafnar greiðslur, fær „hreint borð“. Óheimilt er draga fyrirframgreiðslur og samningsbundinn frádrátt frá þeim jafnaðargreiðslum sem listflytjandi þiggur á framlengdum verndartíma.

Með hliðsjón af réttaröryggi hefur 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins, sem verður 3. mgr. 63. gr., verði frumvarpið að lögum, að geyma sérstaka lagaskilareglu þar sem mælt er fyrir um að 3.-5. gr. frumvarpsins skuli gilda um samninga milli listflytjenda og framleiðenda hljóðrita um framsal réttinda til hljóðrits listflutnings sem gerðir voru fyrir 1. nóvember 2013 og eftir þann tíma skuli gilda áfram um réttindi listflytjanda sem ella hefðu runnið út samkvæmt fyrri 50 ára verndartíma-reglu. Þetta á við ef ekki er skýrlega kveðið á um annað í framsalssamningi.

Markmið ákvæðisins er einnig að tryggja að samningar um framsal réttinda listflytjenda til hljóðrits af listflutningi til framleiðanda hljóðrits, sem ekki gefa færi á að taka tillit til hins lengda verndartíma, séu áfram í gildi á lengdum verndartíma. Slík sjálfkrafa framlenging gildir þó ekki ef samningurinn hefur að geyma ákvæði sem gefa annað skýrlega til kynna. Í því sambandi getur hugsast að samningur sé tímabundinn og verður hann þá ekki sjálfkrafa framlengdur.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins, sem verður 4. mgr. 63. gr., ef frumvarpið verður að lögum, er einnig að finna lagaskilareglu um að framsalssamningar sem gerðir eru fyrir 1. nóvember 2013, sem veita listflytjanda rétt til reglulegra greiðslna, skuli teknir upp að nýju þegar 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðrits eða ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi.

Sú endurskoðun framsalssamnings sem getur farið fram á að vera til hagsbóta fyrir listflytjendur. Í því sambandi má benda á að útreikningsákvæði upphaflegs samnings kunna að vera úrelt með tilliti til nýrra notkunarleiða, þar sem tilkostnaður er annar en eftir eldri leiðum. Einnig getur skipt máli við endurskoðun samnings að framleiðandi hljóðrits fær 20 ára lengingu á verndartíma og að tilkostnaður framleiðanda hefur þegar verið afskrifaður þegar endurskoðun samnings fer fram. Loks getur endurskoðun samnings skipt máli í þeim tilgangi að uppfæra samning á þann hátt að hann endurspegli breytingar á reglum um fyrirframgreiðslu og samningsbundinn frádrátt sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu.

Ef aðilar ná ekki samkomulagi um endurskoðun framsalssamnings má bera slíkan ágreining undir úrlausn dómstóla. Við úrlausn deilu um eignarhald á réttindum til hljóðrits listflutnings reynir að jafnaði á sönnun og leysa dómstólar þar úr. Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins er óhentugt að leggja slíkan ágreining undir úrskurðarnefnd um höfundaréttarmál þar sem í því fælist veruleg breyting á verksviði nefndarinnar. Úrskurðarnefnd um höfundaréttarmál fjallar um ágreining milli notenda og rétthafa um fjárhæð þóknunar fyrir afnot réttinda. Í framsalssamningi milli tveggja rétthafa er bæði fjallað um framsal réttinda og endurgjald vegna þess. Ágreiningur um skilmála framsalssamnings er í eðli sínu ólíkur þeim deilumálum sem falla undir úrskurðarnefndina skv. gildandi lögum.

IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði sem fela í sér innleiðingu á ákveðnum þáttum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB om verndartíma höfundaréttar og ákveðin skyld réttindi. Frumvarpið hefur að öðru leyti ekki gefið tilefni til mats á samræmi þess við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

V. Samráð

Við undirbúning frumvarpsins hefur verið haft samráð við helstu hagsmunaaðila eins og Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Samband tónskálda og textahöfunda, höfundaréttarnefnd og Höfundaréttarfélag Íslands. Frumvarpið hefur verið til kynningar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis.

VI. Mat á áhrifum

6. Áhrif frumvarpsins á hið opinbera

Með samþykkt frumvarpsins lengist verndartími hljóðrita sem hafa verið gefin út eða gerð aðgengileg almenningi um 20 ár. Að því leyti sem ríki og sveitarfélög nýta umrædd hljóðrit með þeim hætti að það leiðir til greiðslu þóknunar til höfunda og rétthafa, lengist tíminn sem ber að greiða fyrir afnotin í þeim mæli sem verndartími lengist. Aðeins verður þó um aukin útgjöld að ræða að svo miklu leyti sem ríki og sveitarfélög nýta hljóðrit sem voru gefin út eða gerð opinber fyrir meira en 50 árum síðan og fram til þess tíma að 70 ár eru liðin frá fyrstu útgáfu eða þeim tíma að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi.

Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins munu áhrif frumvarpsins einkum koma fram hjá almenningsbókasöfnum vegna útláns hljóðrita og því telst um óverulega útgjaldaaukningu að ræða.

7. Áhrif frumvarpsins á atvinnulífið.

Með samþykkt frumvarpsins lengist verndartími fyrir hljóðrit sem hafa verið gerð aðgengileg eða gefin út um 20 ár. Að því leyti sem atvinnulífið nýtir umrædd hljóðrit með þeim hætti að það leiðir til greiðslu þóknunar til höfunda og réttihafa, lengist tíminn sem ber að greiða fyrir afnotin í þeim mæli sem verndartími lengist. Aðeins verður þó um aukin útgjöld að ræða að svo miklu leyti sem atvinnulífið nýtir hljóðrit sem voru gefin út eða gerð opinber fyrir meira en 50 árum síðan og fram til þess tíma að 70 ár eru liðin frá fyrstu útgáfu eða þeim tíma að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi.

Fjárhæð þeirrar þóknunar ræðst ekki af höfundalögum, heldur er hún ákveðin með samningi. Áhrif frumvarpsins fyrir atvinnulífið ráðast af þeim samningum sem áður hafa verið gerðir milli notenda hljóðrita og höfunda og réttihafa og umfangi afnota hinna vernduðu verka á framlengdum verndartíma. Eðli málsins samkvæmt liggja ekki fyrir upplýsingar um slíka samninga og umfang notkunar þeirra hljóðrita sem falla munu undir frumvarpið.

Í frumvarpinu er sú skylda lögð á framleiðanda hljóðrits að leggja til hliðar 20% af tekjum sínum af eintakagerð, dreifingu og að gera aðgengileg almenningi hljóðrit sem eru eldri en 50 ára. Viðbótarþóknunin dreifist til listflytjenda í gegnum réttihafasamtök þeirra. Fjárhagsleg áhrif þessara viðbótargreiðslna munu velta á umfangi tekna af hljóðritunum eftir að 50 ár eru liðin frá því að þau voru gerð aðgengileg almenningi eða gefin út.

Frumvarpið felur einnig í sér að tekjur réttihafa munu aukast þar sem þókun fyrir afnot hljóðrita greiðist í lengri tíma. Því til viðbótar kemur að listflytjendur sem hafa framselt réttindi sín til framleiðanda hljóðrits gegn eingreiðslu munu eiga rétt til árlegrar viðbótarþóknunar og þar með hafa auknar tekjur af þeim hljóðritum sem eru 50 til 70 ára gömul. Þannig mun frumvarpið að nokkru leyti fela í sér breytta skiptingu tekna af hljóðritum.

Gert er ráð fyrir að hinar nýju reglur muni í upphafi taka til takmarkaðs fjölda hljóðrita þar sem tækniframfarir í gerð hljóðrita hafa einkum orðið á síðustu 40 árum. Upplýsingar liggja ekki fyrir um fjölda þeirra hljóðrita sem orðin eru 50 ára eða eldri og hafa ennþá viðskiptalegt gildi. Vís-bending um fjöldann felst þó í því að líta til hljóðrita sem framleidd voru hér á landi árið 1962 og enn eru spilud í útvarpi og sjónvarpi.

Með hliðsjón af framansögðu er það mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins gildissvið frumvarpsins hafi ekki neikvæð efnahagsleg og stjórnsýslulegar afleiðingar sem hafa þýðingu fyrir atvinnulífið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. gr.

Hér er lagt til að nýrri málsgrein, sem verður 2. mgr., verði bætt við 43. gr. laganna. Með breytingunni verður verndartími tónverks og texta samræmdur, þar sem bæði texti og tónverk eru samin sérstaklega fyrir hlutaðeigandi tónverk með texta. Af breytingunni leiðir að verndartími tónverka með skal reiknast sem 70 ár frá dánarári þess höfundar sem lengst lifir, hvort sem það er tónhöfundur eða textahöfundur, að því tilskyldu að framlag beggja hafi verið tileinkað hlutaðeigandi tónverki með texta. Tónverk með texta teljast að öðru leyti til svonefndra samsettra verka sem felur í sér að hægt að skila frá hvort verkhluta um sig og njóta þeir sjálfstæðrar

höfundaréttarverndar. Ákvæðið tekur aðeins til tónverka og texta sem eru sérstaklega samin fyrir hvort um sig. Ef annar tónhöfundur semur nýtt tónverk fyrir upphaflegan texta leiðir það ekki til lengingar á verndartíma textans, þar til 70 ár eru liðin frá dánarári hins nýja tónhöfundar. Ástæða þessa er að textinn er ekki saminn sérstaklega fyrir hið nýja tónverk, heldu upprunalega tónverkið. Ákvæði frumvarpsins um tónverk ásamt texta taka til tónverka ásamt texta, þar sem tónverkið eða textinn nutu verndar í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu 1. nóvember 2013 og þau tónverk ásamt texta sem orðið hafa til eftir þá dagsetningu. Í gildistökuákvæði frumvarpsins felst að til þess kann að koma í nokkrum mæli að réttindi sem höfðu fallið niður fyrir 1. nóvember 2013 verði endurvakin. Um það atriði vísast til nánari umfjöllunar um ákvæði til bráðabirgða. Hinar nýju reglur um samræmingu á útreikningi verndartíma fyrir tónverk ásamt texta, þar sem bæði tónverk og texti er samið fyrir hvort annað, gildir einnig gagnvart ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Sú túlkun leiðir af reglunni um *innlenda meðferð* í alþjóðlegum sáttmálum, sbr. 61. gr. a í höfundalögum. Sama á einnig við um endurvakningu réttinda. Erlent samsett tónverk með texta mun þannig falla undir a-lið 1. gr. frumvarpsins, sem verður 2. mgr. 43. gr. laganna, án tillits til þess hvort tónverkið eða textinn var fallið úr vernd í heimalandi verksins. Nægilegt er að hið samsetta verk í heild sinni hafi ekki verið fallið úr vernd í heimalandinu.

Um 2. gr.

Sú breyting sem hér er lögð til er að miklu leyti frekari útfærsla á gildandi 45. gr. höfundalaga. Í því felst að 2. másl. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. fellur brott og á eftir 1. mgr. 45. gr. í lögnum koma tvær nýjar málsgreinar. Hin nýja 2. mgr. kveður á um verndartímamann fyrir þær upptökur listflutnings sem hafa verið gefnar út eða gerðar aðgengilegar almenningi, sem ekki eru hljóðrit, heldur teljast mynd- og hljóðupptökur eða kvikmyndaverk. Verndartími fyrir slíkar upptökur helst óbreyttur í 50 árum, reiknað frá fyrstu útgáfu eða þegar upptaka var gerð aðgengileg almenningi, eftir því hvort gerðist fyrst. Í nýrri 3. mgr. er kveðið á um lengingu verndartíma fyrir hljóðrit sem hafa verið gefin út eða gerð aðgengileg almenningi. Hér er um að ræða breytingu miðað við gildandi lög, þar sem verndartíminn lengist í 70 ár reiknað frá því tímamarki þegar fyrsta útgáfa fór fram eða hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi, eftir því hvort gerðist fyrst. Hinn lengdi verndartími hefur bæði áhrif á hljóðrit sem hafa þegar verið gefin út eða gerð aðgengileg almenningi, þar með talið þau hljóðrit sem útvarps- og sjónvarpsfyrirtæki hafa framleitt og gert aðgengileg almenningi, t.d. eigin framleiðsla Ríkisútvarpsins á hljóðvarpsútsendingum. Hin lengdi verndartími tekur ekki til hljóð- og myndefnis eins og kvikmynda og sjónvarpsútsendinga.

Um 3. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á gildandi 46. gr. höfundalaga fela í sér að verndartími fyrir réttindi hljóðritaframleiðanda á hljóðritum sem hafa verið gefin út eða gerð aðgengileg almenningi lengist í 70 ár talið frá því tímamarki þegar hljóðrit var fyrst gefið út eða, hafi hljóðrit ekki verið gefið út, frá því tímamarki þegar það var fyrst gert aðgengilegt almenningi. Samsvörun er á milli þeirra breytinga sem hér eru lagðar til á 46. gr. laganna við breytingar á 45. gr. höfundalaga um verndartíma fyrir rétt listflytjenda til hljóðrita. Hafi hljóðrit ekki verið gefið út eða gert aðgengilegt almenningi, heldur framleiðandi hljóðrits núverandi 50 ára verndartíma talið frá þeirri stundu er upptaka fór fram.

Um 4. gr.

Í þeirri breytingu sem lögð er til í a-lið 4. gr. frumvarpsins, sem verður 47. gr. a ef frumvarpið verður að lögum, er ákveðið að listflytjandi sem hefur framselt réttindi sín til hljóðrits til framleiðanda þess, hafi rétt til að segja framsalssamningi upp, hafi framleiðandi hljóðrits ekki hagnýtt hljóðritið með í það minnsta einum af þeim hætti sem nefnt er í ákvæðinu. Rétturinn til uppsagnar

á framsalssamningi verður einungis nýttur þegar liðin eru 50 ár frá fyrstu útgáfu hljóðrits eða, ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, frá þeim tíma þegar hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi. Ef framleiðandi hljóðrits hagnýtir ekki hljóðrit sem eru yngri en 50 ára, getur listflytjandi ekki sagt upp framsalssamningi. Af 3. mgr. a-liðar 47. gr., sem verður 3. mgr. 47. gr. a í lögnum, leiðir að ef samningi er sagt upp, falla niður þau réttindi sem framleiðandi á til hljóðritsins, sbr. 46. gr. laganna. Ef framsalssamningi er sagt upp sökum þess að framleiðandi hljóðrits hefur ekki nýtt hin framseldu réttindi í nægilegum mæli, getur hljóðritaframleiðandinn þannig ekki haldið áfram að nýta þau réttindi sem hann hafði áður yfir hljóðritinu. Af þeim sökum getur framleiðandi hljóðritsins ekki hindrað að listflytjandi geri í kjölfar uppsagnar hljóðritið aðgengilegt almenningi.

Í b-lið 4. gr. frumvarpsins, sem verður 47. gr. b í lögnum, er kveðið á um að listflytjendur sem hafa framselt réttindi sín til framleiðanda hljóðrita og samið um rétt til endurgjalds í formi eingreiðslu, eigi rétt til árlegrar viðbótarþóknunar þegar liðin eru 50 ár frá fyrstu útgáfu hljóðrits, eða, ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar liðin eru 50 ár frá því að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi. Réttinum til árlegrar viðbótarþóknunar verður ekki vikið til hliðar með samningi.

Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytis er Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, SFH, þar til bær réttthafasamtök sem gætu verið til þess fallin að hafa umsýslu og úthlutun árlegrar viðbótarþóknunar til listflytjenda. SFH hefur þegar umsýslu með og úthlutar framlagi til listflytjenda vegna opinbers flutnings hljóðrita og hefur vegna þess komið upp umfangsmiklu gagnasafni með upplýsingum um auðkenni listflytjenda á þeim hljóðritum sem eru grundvöllur úthlutunar hjá sambandinu. Af þessum sökum má ætla að SFH muni ráða við hið nýja verkefni, enda heldur SFH þegar skrá með þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að geta úthlutað hinu árlega viðbótarframlagi á einstaklingsgrundvelli. Hið árlega viðbótarframlag greiðist út til listflytjenda sem hafa framselt réttindi sín gegn eingreiðslu. Hér er algengt að um sé að ræða meðleikara í hljóðveri og aðra listamenn sem ekki eru skráðir flytjendur listflutnings á hljóðriti. Réttthafasamtökum sem ráðstafa viðbótarframlaginu er ætlað að gera það á einstaklingsgrundvelli, í það minnsta einu sinni á ári. Ef ekki tekst að bera kennsl á þá meðleikara og listamenn sem ekki eru skráðir flytjendur hljóðrits, kann að reyna á að gildandi reglur um úthlutun framlags vegna höfundalausra verka (verka sem ekki er vitað hver samdi, svokallaðra munaðarlausra verka) við árlega úthlutun framlagsins. Gert er ráð fyrir að þau réttthafasamtök sem annast munu úthlutun samkvæmt ákvæðinu geti í samþykktum sínum, m.a. kveðið á um með hvaða hætti hljóðritaframleiðandi gerir grein fyrir tekjum sínum af hljóðritum. Þau réttthafasamtök sem ætlað er að hafa á höndum umsýslu og úthlutun árlegs viðbótarframlags munu geta reiknað sér ákveðinn umsýslukostnað sem dregast frá úthlutaðu framlagi. Verndartímatilskipunin veitir færi á að setja ákveðin vikmörk sem undanþiggja tiltekna hljóðritaframleiðendur frá því að fylgja reglum um að setja til hliðar ákveðna upphæð vegna útgreiðslu árlegrar viðbótarþóknunar. Hér á landi eru annars vegar fá stór fyrirtæki á sviði hljóðritaútgáfu og fjölmargir smærri aðilar. Ef sett eru ákveðin vikmörk um hvaða hljóðritaframleiðendur geti verið undanþegnir ákvæðinu er ljóst að verulegur hluti smærri útgefenda yrði undanþeginn tilskipuninni. Af því gæti leitt að stór hluti íslenskra listamanna fengi ekki notið greiðslu árlegrar viðbótarþóknunar. Í þessu ljósi telur mennta- og menningarmálaráðuneyti að ekki sé skynsamlegt að innleiða áður nefnd vikmörk. Í 4. mgr. b-liðar 4. gr., sem verður 4. mgr. 47. gr. b í lögnum, kemur fram að framleiðandi hljóðrits skuli eftir kröfu frá listflytjanda láta af hendi hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja greiðslu hins árlega viðbótarframlags. Til að tryggja skilvirka umsýslu árlegs viðbótarframlags er í ákvæðinu kveðið á um rétt samtaka, sem hlotið hafa viðurkenningu til umsýslunnar, til að krefjast sömu upplýsinga. Gera má ráð fyrir að það verði þessi samtök sem hafi fyrirbyggjandi upplýsingar og yfirsýn um þær viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegt er að aflað verði

frá hljóðritaframleiðanda. Í þessu samhengi er rétt að benda á að hagfelld kann að vera fyrir báða aðila að semja um reglulega upplýsingagjöf vegna umsjú með árlegri viðbótarþóknun til listflytjenda.

Í c-lið 4. gr. frumvarpsins, sem verður 47. gr. c í lögunum, er kveðið á um að réttur listflytjanda til árlegrar viðbótarþóknunar skuli ekki rýrður vegna fyrirframgreiðslu eða samningsbunds frádráttar ef listflytjandi hefur framselt framleiðanda hljóðrits rétt sinn til hljóðrits listflutnings og samið um reglulegar greiðslur, þegar 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðrits eða ef útgáfa hefur ekki farið fram þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi, þ.e. á hinum lengda verndartíma. Með þessu móti er tryggt að listflytjendur fá „hreint borð“ þegar kemur að greiðslum fyrir réttindi yfir hljóðriti á framlengdum verndartíma þess.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, sem verður 3. mgr. 63. gr. í lögunum, er kveðið á um að samningar um framsal réttinda listflytjanda yfir hljóðriti, sem gerðir voru fyrir 1. nóvember 2013, haldi áfram gildi sínu eftir gildistöku laganna í þeim tilvikum þar sem verndartími réttinda listflytjanda teldist annars vera útrunninn. Slíkir samningar framlengjast þar með sjálfkrafa, nema annað sér skýrlega gefið til kynna í samningi aðila. Hér verður ekki um að ræða endurvakningu samninga um réttindi sem voru útrunnin 1. nóvember 2013.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, sem verður 4. mgr. 63. gr. í lögunum, er kveðið á um að heimilt verði að endursemda um efni samninga um yfirfærslu eða framsal réttinda listflytjenda til hljóðrita, sem gerðir voru fyrir 1. nóvember 2013 og veita listflytjanda rétt til reglulegra greiðslna, þegar liðin eru 50 ár frá fyrstu útgáfu hljóðrits, eða, ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá því að það var gert aðgengilegt almenningi. Í ákvæðinu felst að listflytjendur sem hafa framselt réttindi sín til hljóðrits gegn reglulegum greiðslum fá tækifæri til að gera nýjan framsalsamning vegna hins lengda verndartíma.

Um 6. gr.

Gildistökuákvæði frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða

Vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands samkvæmt Samningnum um Evrópska efnahags-svæðið ber að veita réttindum listflytjenda og framleiðenda vernd samkvæmt 3. – 5. gr. frumvarpsins miðað við 1. nóvember 2013 í samræmi við ákvæði verndartímatilskipunarinnar. Ákvæðið tekur til réttinda listflytjenda og framleiðenda til hljóðrita sem í gildi voru 1. nóvember 2013 og verða réttinda sem verða til eftir það tímamark. Ekki verður um að ræða endurvakningu réttinda sem voru útrunnin 1. nóvember 2013.

Gengið er út frá því að þær sem breytingar sem mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins og varða 43. gr. laganna um tónverk ásamt texta hafi áhrif á verndartíma slíkra verka þegar annað hvort tónverkið eða textinn, að lágmarki, naut verndar í landi innan Evrópska efnahags-svæðisins 1. nóvember 2013. Þá tekur ákvæði 1. gr. frumvarpsins einnig til tónverka ásamt texta sem verða til eftir þann dag.

Í verndartímatilskipuninni felst ákvæðin endurvakning réttinda sem voru útrunnin 1. nóvember 2013 hvað varðar tónverk ásamt texta, án tillits til þess hvort slík réttindi hafi verið útrunnin samkvæmt fyrri reglum aðildarlanda Evrópska efnahags-svæðisins. Samkvæmt 6. tölul. 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar er afgerandi fyrir endurvakningu réttinda hvort, að lágmarki tónverkið eða

textinn, hafi verið verndaður í aðildarríki 1. nóvember 2013, að því tilskyldu að verkin hafi komið fram fyrir þann dag. Ef svo er, gilda ákvæði tilskipunarinnar um samræmingu á verndartíma í öllum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, án tillits til verndartímans í einstökum ríkjum sem kann að hafa verið útrunninn samkvæmt þágildandi reglum. Gera má ráð fyrir að tónverk ásamt texta sem komið hafa fram fyrir 1. nóvember 2013 njóti 70 ára verndartíma á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, miðað við dánarár þess höfundar sem lengst lifir. Í íslenskum höfundarétti kann því að koma til þess að höfundaréttur að tónverki ásamt texta verði endurvakinn þar sem framlag eins af höfundunum var verndað í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins 1. nóvember 2013. Af ákvæðinu leiðir að þær breytingar sem lagðar eru til á 43. gr. laganna hafa ekki áhrif á samninga um afnot verka sem fram fór fyrir 1. nóvember 2013.

DRÖG

Fylgiskjal 1

Samanburður á ákvæðum frumvarpsins og gildandi laga

Gildandi lög

IV. kafli. Gildistími höfundaréttar.

43. gr. Höfundaréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða sem ákvæði 7. gr. taka til og skal þá telja greint 70 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar sem lengst lifir. Höfundaréttur að kvikmyndaverkum helst þó aðeins í 70 ár eftir dánarár þess sem lengst lifir af eftirgreindum höfundum kvikmyndaverks:

1. Aðalleikstjórar.
2. Handritshöfundar, þar með taldir höfundar samtalstexta.
3. Tónhöfundar sé tónlistin sérstaklega samin til afnota í kvikmyndaverkum.

....

V. kafli. Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.

45. gr. Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Uptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniáðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils

Breyting, verði frumvarpið að lögum

IV. kafli. Gildistími höfundaréttar.

43. gr. Höfundaréttur helst uns ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða sem ákvæði 7. gr. taka til og skal þá telja greint 70 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar sem lengst lifir.

Höfundaréttur að tónverki með texta, þar sem bæði texti og tónverk eru samin sérstaklega fyrir hlutað-eigandi tónverk með texta, helst, uns 70 ár eru liðin frá andlátsári þess sem lengst lifir af eftirtöldum aðilum:

1. *textahöfundur, eða*
2. *tónskáld.*

Höfundaréttur að kvikmyndaverkum helst þó aðeins í 70 ár eftir dánarár þess sem lengst lifir af eftirgreindum höfundum kvikmyndaverks:

1. Aðalleikstjórar.
2. Handritshöfundar, þar með taldir höfundar samtalstexta.
3. Tónhöfundar sé tónlistin sérstaklega samin til afnota í kvikmyndaverkum.

V. kafli. Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.

45. gr. Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Uptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniáðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. *[úrfelling]*

Ef upptaka listflutnings skv. 1. mgr., sem ekki er

skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr. og 53. gr. ...

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

Sama rétt og listflytjandi samkvæmt þessari grein hefur flytjandi þjóðmenningarlegs efnis.

....

46. gr. Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr. og 24. gr.

hljóðrit, er gefin út eða gerð aðgengileg almenningi innan þess tímamarks sem þar er tiltekið, varir verndin þó uns 50 ár eru liðin frá því sem fyrr gerist, lok útgáfuárs eða þegar upptaka var gerð aðgengileg almenningi.

Ef hljóðrit listflutnings skv. 1. mgr. er gefin út eða gerð aðgengileg almenningi innan þess tíma sem þar er nefndur varir verndin þó uns 70 ár eru liðin frá því sem fyrr gerist, lok útgáfuárs eða þegar upptaka varð gerð aðgengileg almenningi.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr. og 53. gr. ...

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

Sama rétt og listflytjandi samkvæmt þessari grein hefur flytjandi þjóðmenningarlegs efnis.

....

46. gr. Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 70 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 12. gr., 12. gr. a, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr. og 24. gr.

47. gr. a. Listflytjandi getur sagt upp samningi um framsal réttinda til hljóðrits af listflutningi sínum til framleiðanda hljóðrits þegar 50 ár eru liðin frá útgáfu þess eða ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út þegar 50 ár eru liðin frá að það var birt, ef framleiðandinn gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir til:

1. að bjóða eintök af hljóðriti í sölu í nægilegu magni eða
2. að gera hljóðritið aðgengilegt almenningi á þann hátt að hver og einn geti haft aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys, sbr.

1. tölul. 4. mgr. 2. gr.

Um uppsögn listflytjanda á samningi skv. 1. mgr. gildir eins árs uppsagnarfrestur. Uppsögn samnings tekur gildi að liðnum uppsagnarfresti hafi framleiðandi hljóðrits ekki gert viðeigandi ráðstafanir skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. Ógilt er afsal flytjanda á uppsagnarrétti skv. þessari grein.

Við uppsögn samnings skv. 1. mgr. falla niður réttindi framleiðanda skv. 46. gr. til viðkomandi hljóðrits.

47. gr. b. Hafi listflytjandi framselt framleiðandi hljóðrits rétt sinn til hljóðrits listflutnings fyrir eingreiðslu, á hann rétt á árlegri viðbótarþóknun frá framleiðanda hljóðrits fyrir hvert heilt ár eftir að 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðritsins eða ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðritið var gert aðgengilegt almenningi. Ógilt er afsal listflytjanda á rétti til árlegrar viðbótarþóknunar.

Framleiðandi hljóðrits skal leggja til hliðar fjárhæð til greiðslu viðbótarþóknunar skv. 1. mgr. Samanlögð fjárhæð sem lögð er til hliðar skal samsvara 20% af tekjum framleiðandans fyrir næstliðið ár. Viðbótarþóknun skv. 1. mgr. reiknast af tekjum framleiðanda hljóðrits vegna eintakagerðar, dreifingar eintaka og því að hljóðrit er gert aðgengilegt almenningi frá því að 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðrits eða ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi.

Umsýsla og útborgun viðbótarþóknunar skv. 1. mgr. er á hendi réttahafasamtaka sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytisins.

Eftir kröfu frá listflytjanda eða viðurkenndum samtökum skv. 3. mgr. ber framleiðanda hljóðrits að láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja greiðslu árlegrar viðbótarþóknunar.

Ráðherra setur nánari reglur um málsmeðferð vegna viðurkenningar réttahafasamtaka skv. 3. mgr.

47. gr. c. Hafi listflytjandi framselt framleiðanda hljóðrits rétt sinn til hljóðrits listflutnings og samið um reglulegar greiðslur, skal réttur til árlegrar viðbótarþóknunar ekki rýrður vegna fyrirframgreiðsla eða sammingsbunds frádrátt þegar 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðrits eða ef útgáfa hefur ekki farið fram þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi.

VIII. kafli. Gildissvið laganna.

63. gr. Ákvæði laga þessara skulu einnig taka til

VIII. kafli. Gildissvið laganna.

63. gr. Ákvæði laga þessara skulu einnig taka til

bókmenntaverka og listaverka sem orðið hafa til fyrir gildistöku laganna. Sama gildir um listflutning, hljóðrit og myndrit, sbr. V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki um ráðstafanir sem hafa átt sér stað eða áunnin réttindi þriðja aðila á grundvelli eldri laga. Heimil er áframhaldandi dreifing til almennings eða opinber sýning á eintökum verks eða listflutnings ef gerð eintakanna var frjáls á þeim tíma er dreifing eða sýning þeirra fór fram, þó þannig að ákvæði 24. gr. um bann við leigu og útláni á verkum haldi gildi sínu.

Ef eintakagerð verks eða listflutnings, sem ekki nýtur verndar samkvæmt áðurgildandi lögum, er hafin fyrir gildistöku laganna eða verulegur undirbúningur slíkrar eintakagerðar er hafinn er heimilt að ljúka áætlaðri, nauðsynlegri og venjubundinni eintakagerð, þó í síðasta lagi 1. janúar árið 2000. Heimilt er að dreifa eintökum sem þannig eru gerð til almennings eða sýna þau opinberlega.

Nú er verk eða listflutningur hluti upptöku til flutnings í útvarpi sem gerð er meðan verkið eða listflutningurinn nýtur ekki verndar eða fer fram á grundvelli heimildar í 3. mgr. og er þá heimilt að nýta slíkar upptökur til útvarpsflutnings fram til 1. janúar árið 2000. Sama á við um opinbera birtingu kvikmynda-verka.

Ef verndartími verks eða listflutnings verður styttri á grundvelli breytts verndartíma samkvæmt lögum þessum en hann hefði verið samkvæmt áður gildandi lögum fer um verndartíma samkvæmt áður gildandi lögum. Þetta gildir þó ekki ef ákvæði 3. mgr. 44. gr. eiga við.

Vernd gagnagrunna skv. 50. gr. sem gerðir eru á tímabilinu frá 1. janúar 1983 til gildistöku laganna helst til 1. janúar 2016.

bókmenntaverka og listaverka sem orðið hafa til fyrir gildistöku laganna. Sama gildir um listflutning, hljóðrit og myndrit, sbr. V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki um ráðstafanir sem hafa átt sér stað eða áunnin réttindi þriðja aðila á grundvelli eldri laga. Heimil er áframhaldandi dreifing til almennings eða opinber sýning á eintökum verks eða listflutnings ef gerð eintakanna var frjáls á þeim tíma er dreifing eða sýning þeirra fór fram, þó þannig að ákvæði 24. gr. um bann við leigu og útláni á verkum haldi gildi sínu.

Ef eintakagerð verks eða listflutnings, sem ekki nýtur verndar samkvæmt áðurgildandi lögum, er hafin fyrir gildistöku laganna eða verulegur undirbúningur slíkrar eintakagerðar er hafinn er heimilt að ljúka áætlaðri, nauðsynlegri og venjubundinni eintakagerð, þó í síðasta lagi 1. janúar árið 2000. Heimilt er að dreifa eintökum sem þannig eru gerð til almennings eða sýna þau opinberlega.

Nú er verk eða listflutningur hluti upptöku til flutnings í útvarpi sem gerð er meðan verkið eða listflutningurinn nýtur ekki verndar eða fer fram á grundvelli heimildar í 3. mgr. og er þá heimilt að nýta slíkar upptökur til útvarpsflutnings fram til 1. janúar árið 2000. Sama á við um opinbera birtingu kvikmynda-verka.

Ef verndartími verks eða listflutnings verður styttri á grundvelli breytts verndartíma samkvæmt lögum þessum en hann hefði verið samkvæmt áður gildandi lögum fer um verndartíma samkvæmt áður gildandi lögum. Þetta gildir þó ekki ef ákvæði 3. mgr. 44. gr. eiga við.

Vernd gagnagrunna skv. 50. gr. sem gerðir eru á tímabilinu frá 1. janúar 1983 til gildistöku laganna helst til 1. janúar 2016.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 2. og 3. mgr. 45. gr., 46. gr. (70 ára verndartími), 47. gr. a, 47. gr. b og 47. gr. c gilda um réttindi listflytjenda og framleiðenda til hljóðrita sem í gildi voru 1. nóvember 2013 og sem verða til eftir það tímamark.

Ákvæði 2. mgr. 43. gr. gildir um tónverk með texta, þar sem tónverk eða texti nýtur verndar í aðildarríki EES-svæðisins 1. nóvember 2013 og um tónverk með texta sem verða til eftir það tímamark. Ákvæði 2. mgr. 43. gr. hefur ekki áhrif á hagnýtingu tónverka með texta sem farið hefur fram fyrir 1. nóvember 2013.

DRÖG